



Samþykkt til bráðabirgða um húsaleigustyrk

Kennarasamband Íslands er landssamband og félagsmenn þess því búsettir um land allt. Starf KÍ fer hins vegar að mestu fram á höfuðborgarsvæðinu. Þar er skrifstofan, þar er stjórnsýslan, þar er Karphúsið og svo mætti halda áfram.

Engu að síður er mikilvægt fyrir alla félagsmenn, óháð því hvar þeir búa, að geta boðið sig fram til forystu innan KÍ eða aðildarféлага þess, án þess að það þýði að viðkomandi þurfi að flytja á höfuðborgarsvæðið. Vegna þess samþykkti stjórn KÍ eftirfarandi á fundi sínum 4. júní síðastliðinn.

„Kjörnir formenn og varaformenn KÍ og aðildarféлага þess, sem ráðnir eru til starfa hjá KÍ og með lögheimili utan 200 km radiuss frá höfuðborgarsvæðinu, eiga rétt á húsaleigustyrk sem miðast við 2/3 af regluverki Alþingis. KÍ miðar við mánaðarlega upphæð samkvæmt reglum Alþingis að frádregnum 1/3 þar sem KÍ tekur ekki þátt í fæðiskostnaði eins og kveðið er á um í reglum Alþingis. Þannig fái kjörnir fulltrúar af landsbyggðinni 2/3 hluta greidda á grundvelli þeirra sömu reglna.“

Umræddur húsaleigustyrkur er í dag 120.214 kr. á mánuði. Ákvæðið er til bráðabirgða og samþykkti stjórnin að það verði ekki endanlega afgreitt fyrir en á sjöunda þingi KÍ, sem haldið verður árið 2018. Fram að þeim tíma er mikilvægt fyrir stjórn að fá álit forystusveitar KÍ á því hvernig fara eigi með málið þangað til. Ákvæðið er því lagt fram til umræðu á ársfundi KÍ 2015 en einnig verður eftirfarandi skoðanakönnun lögð fyrir á ársfundinum:

Hvað finnst þér um þá leið sem stjórn KÍ ákvað að fara vegna félagsmanna KÍ utan af landi er veljast til forystu innan samtakanna, nánar tiltekið að greiða þeim sérstakan húsaleigustyrk?

- Ég tel stjórn KÍ vera að gera rétt með samþykktinni
- Ég hef ekki skoðun á málinu
- Ég hefði viljað framkvæma á annan hátt;
- Hvernig*:

*Ekki þarf að fylla þetta út